

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Hornafjörður Lón



Dags eftirlits	12.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Hornafjörður	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 27, Höfn í Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Xiaoling Yu	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirliti, varðar það móttöku og urðun á olíumenguðum jarðvegi árið 2023. Mun rekstraraðili koma til með að hafna öllum slíkum úrgangi héðan af (sjá nánar undir umfjöllun í umfangi eftirlits).

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni. Starfsleyfi rekstraraðila heimilar urðun á allt að 3.000 tonnum af almennum neyslu-og rekstrarúrgangi á ári. Í starfsleyfi er heimild til jarðgerðar á 500 tonnum af lífúrgangi á ári, þ.e. lífbrjótanlegum garðaúrgangi, viðarúrgangi og matar- og eldhúsúrgangi. Heimilt er að geyma 20 tonn af timbri til jarðgerðar. Starfsleyfi var upphaflega gefið út árið 2012, síðasta breyting fór fram þann 18.08.2022 og er gildistími starfsleyfis til 6.nóvember 2028.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Mengunarslys á urðunarstað
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð á urðunarstað

Þann 26.apríl 2024 barst skýrsla rekstraraðila um grænt bókhald fyrir rekstrarárið 2023, til samræmis við gr. 5.5 í starfsleyfi um skil á umhverfisupplýsingum, samhliða því eru niðurstöður skráninga sem skila þarf vegna starfsleyfis og innra eftirlits sbr. gr. 5.4.

Árið 2023 bárust 1.874 tonn af úrgangi inn á urðunarstað, þar af voru 1.422 tonn urðuð. Af því sem var urðuð, tilheyrir 50% blönduðum heimilisúrgangi, 19,4% timbri, 7,8% grófs rúmfreks úrgangs, 7,6% gleri, 7,6% seyru/slamms og 0,5% til olíumettaðs úrgangs. Í ágúst 2022 hófst jarðgerð inn á urðunarstað. Árið 2023 var magn til jarðgerðar 452,5 tonn. Engum úrgangi var hafnað á árinu 2023.

Umfjöllun um olíumettaðan úrgang kemur fram hér að ofan, um ræðir 7,01 tonn af menguðum jarðvegi sem fóru inn á urðunarstað árið 2023 og að auki 0,355 tonn sem skráð voru fyrir mistök í rangan flokk (undir fita og olía) á hafnarvog samkvæmt rekstraraðila. Kom fram frávík í eftirliti ársins 2023 vegna ársins 2022, að olíumengaður jarðvegur hefði borist inn á urðunarstað. Til að bregðast við ofangreindum frávikum var gerð áætlun um rétta meðhöndlun og förgun á olíumenguðum jarðvegi. Áður en viðeigandi förgunarleið var tekin í notkun bárust þessi fyrrnefnd efni inn á staðinn. Samkvæmt rekstraraðila mun urðunarstaðurinn sjá til þess að ekki verður tekið á móti slíkum úrgangi frekar í samræmi við viðeigandi reglugerðir. Á árinu 2024 hefur nú einu tilfelli vegna olíumengaðs jarðvegs verið hafnað. Vill sveitarfélagið að það endurspegli þeirra skuldbindingar um að fara eftir öllum kröfum og tryggja rétta úrgangsstjórnun.

Endurskipulag hefur átt sér stað varðandi rekstur urðunarstaðar, hefur Hringrás ehf. tekið við starfsemi á urðunarstað sem verktaki hjá sveitarfélaginu og tóku þeir við af Rósaberg í september 2023. Frá þeim tíma mun allt sorp sem kemur inn á svæðið vera vigtað á löggilttri hafnarvog á Höfn í Hornafirði áður en farið er með það inn á urðunarstað. Handhafi úrgangs fær vigtarnótu á hafnarvog sveitarfélagsins sem hann framvísar á urðunarstað, sveitarfélagið innheimtir svo gjöld af handhafa úrgangs í samræmi við mælda þyngd skv. gjaldskrá sveitarfélagsins.

Árið 2023 kom fram frávik vegna skorts á sigmælingum á urðunarstað vegna ársins 2022. Sigmælingum 2023 þurfti að fresta vegna óviðráðanlegra aðstæðna, en komst strax í framkvæmd snemma árs 2024. Komu fram tæknilegir örðuleikar við framkvæmdir og kom þá einnig í ljós galli vegna gagna frá mælingum ársins 2020. Mælingar núna verða því nýttar sem grunnlína fyrir framtíðarmat á stöðu sigs.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands sér um sýnatökur samkvæmt samkomulagi við rekstraraðila. Ekki eru gerðar athugasemdir úr niðurstöðum á sýnatökum. Í sigvatni eru helst sveiflur að greinast í styrk í baríum, súlfötum og ammóníum, ásamt stakri hárri mælingu á mólýbdenum. Engar athugasemdir eru gerðar vegna grunnvatns og yfirborðsvatns.

Við vettvangsferð voru miklar framkvæmdir sjáanlegar, stóð yfir framkvæmd og skipulagning á nýjum urðunarhólfum. Voru nokkur kefli á staðnum af dúkum sem rekstraraðili hyggst leggja í botn urðunarhólfa sem botnpéttingu í ofanálag við jarðfræðilegan tálma og stóð einnig yfir endurskipulagning og hreinsun umhverfis hreinsivirki ásamt lagfæringum vegna drens sigvatns. Vinnur rekstraraðili að endurskipulagningu hreinsivirkis í samráði við ráðgjafafyrirtæki. Var rekstraraðili beðinn um að upplýsa eftirlitsaðila þegar þeim framkvæmdum líkur.

Engar athugasemdir eru gerðar vegna ásýndar urðunarstaðar, aðkomu eða girðingarmálum og engin ummerki voru sjáanleg eftir mengunartilvik sem átti sér stað á urðunarstað fyrr á árinu. Þann 8. maí barst Umhverfisstofnun ábending um mengunaratvik inn á urðunarstað. Sendi rekstraraðili skýrslu til rekstraraðila með ýtarlegum upplýsingum vegna atviksins þann 14. maí. Eru ekki gerðar neinar athugasemdir vegna viðbragða af hendi rekstraraðila, en hann minntur á að reyna eftir fremsta megni að tilkynna Umhverfisstofnun um öll mengunartilvik eins fljótt og unnt er. Rekstraraðili hefur farið yfir þennan atburð í samráði við verktaka og greint og uppfært verklag á urðunarstað til að fyrirbyggja að slík óhöpp endurtaki sig. Metur eftirlitsaðili það að hreinsun hafi verið fullnægjandi umhverfis svæðið þar sem atvikið átti sér stað á.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi er fjallar um umfang starfseminnar:	Urða má allan úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Móttaka úrgangs á urðunarstað skal samræmast viðmiðunum og aðferðum við móttöku úrgangs sbr. II viðauka í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Voru urðuð tæp 7,4 tonn af olíumettuðum jarðvegi/úrgangi árið 2023 í urðunarstað að Lóni.

ANNAÐ

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

